

3. GREIN: SKILGREINING OG SKIPULAG VINNUTÍMA ÞROSKAÞJÁLFA

Skilgreining vinnutíma þrokaþjálfar í grunnskólum sveitarfélaga.

Þrokaþjálfar í grunnskólum hafa vinnuskyldu allt árið, en þeir geta flutt vinnuskil sinni milli árstíma, þ.e. unnið meira þann tíma sem skólinn starfar og átt lengra frí á sumrin.

Samtals klst. á skólaári:

Þjálfun nemenda og undirbúningur	30 klst. x 37 vikur	1.110 klst.
----------------------------------	---------------------	-------------

Samráð, námsmat, stöðumat, aðlögun, samstarf við fagaðila utan og innan skólans og foreldraráðgjöf til kennara og annarra starfsmanna, endurmenntun.	8 klst. x 36 vikur	288 klst.
--	--------------------	-----------

Bundin viðvera vegna starfsmannafunda, viðtalstíma og samvinna innan skóla.	9,14 klst. x 37 vikur	338 klst.
---	-----------------------	-----------

Undirbúningur utan skólatíma	8 klst. x 8 dagar	64 klst.
------------------------------	-------------------	----------

Samtals: 1.800 klst.

Skipulag vinnutíma þrokaþjálfar.

Skipulag vinnutíma þrokaþjálfar í leikskólum og grunnskólum skal mótað í samráði viðkomandi stjórnenda með hverjum þrokaþjálfar. Stjórnendur skulu rökstyðja fyrir þrokaþjálfum áform sín um skipulag vinnutímans og endanlega ákvörðunartöku eftir samráðið.

Við ákvörðun vinnutímaskipulagsins skal til viðbótar beinni vinnu með nemendum þess gætt að þrokaþjálfinn hafi nægan tíma til gerðar einstaklingsnámsskrár, undirbúnings, náms- og stöðumats, aðlögunar, samstarfs við fagaðila utan og innan skólans og foreldra. Einnig að tryggður sé nægur tími til ráðgjafar til kennara og annarra starfsmanna og skráningar upplýsinga og hvers kyns umsjónarstarfa. Auk þess skal tryggja gott svigrúm fyrir þrokaþjálfar til endur- og símenntunar. Einnig skal ætla tíma til nauðsynlegrar handleiðslu.

Sérstaklega skal fjallað um samvinna og stuðning annarra starfsmanna við störf þrokaþjálfar við heildarskipulagningu vinnunnar.

Mikilvægt er að mat á skiptingu vinnutíma þrokaþjálfar í einstaka þætti sé raunhæft og að tillit sé tekið til tímabundins álags og árstíðabundinna breytinga á verkefnum hans. Þess skal gætt að sá tími sem þarf til að sinna verkefnum þrokaþjálfar á faglegan og skipulegan hátt þar sem tekið er tillit til framangreindra þátta og rúmast ekki innan dagvinnnumarka sé greiddur með yfirvinnukaupi.

Stjórnendur skulu nýta sér framangreindar vinnuaðferðir.

BÓKUN 11

Samningsaðilar eru sammála um að taka til reynslu nýtt fyrirkomulag um skiptingu 30 klukkustunda þjálfunar- og undirbúningstíma þroskaþjálfra í grunnskóla.

Skólaárið 2011 – 2012 verði þjálfunarstundir á bilinu 17,33 – 24,00 klukkustundir.

Við mat á skiptingu vinnutímans skal horft til starfslýsingar þroskaþjálfra, aðstæðna og verkefna í hverjum skóla, samanber grein 3 í sérákvæðum um skilgreiningu og skipulag vinnutíma þroskaþjálfra. Ef starfsmaður ber ábyrgð á stjórnun á ofangreint ekki við.

Þroskaþjálfri skal hafa gott svigrúm til endur- og símenntunar sem heimilt er að sækja utan starfstíma skóla í samráði við yfirmann.

Til að meta árangurinn af ofangreindu fyrirkomulagi munu aðilar funda í samstarfsnefnd. Aðilar hittist eigi síðar en 20. október 2011 og aftur 23. febrúar 2012. Aðilar munu leggja mat á hvort nýtt fyrirkomulag vinnutímaskilgreiningar fyrir þroskaþjálfra í grunnskólum verði þróað áfram.